

## **Viðauki við samning milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar 2022-2024, fyrir árin 2023 og 2024.**

### **Grein X**

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á farsæld allra barna og vinnur að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í alla stjórnýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Formleg ákvörðun um að gerast Barnvænt sveitarfélag felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna og ungmenna sé verðmæt fyrir sveitarfélagið, ýtir undir virka þátttöku og eykur markvisst samráð við börn og ungmenni í þeim tilgangi að bæta, aðlaga og auka þjónustu við þessa hópa samfélagsins í takti við tíðarandann. Hafnarfjarðarbær leggur á það áherslu að börn og ungmenni hafi aðgang að fjölbreyttum íþróttum og frístundum og veitir forsjáraðilum barna á aldrinum 6 til 18 ára m.a. frístundastyrki til að auka og ýta undir virka þátttöku allra í íþrótta- og tómstundastarfi. Slík þátttaka er talin hafa mikilvægt forvarnargildi. Rio Tinto á Íslandi styður þessa viðleitni og er þetta samkomulag í heild sinni til marks um það.

### **Grein Y**

ÍBH, Hafnarfjarðarbær og Rio Tinto á Íslandi hf. leggja áherslu á vönduð, gagnsæ og heiðarleg vinnubrögð. ÍBH hefur hlotið gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Rio Tinto á Íslandi starfar í samræmi við siðareglur fyrirtækisins Þannig vinnum við og stenst auk þess margvíslegar aðrar gæðavottanir. Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á farsæld allra barna og vinnur að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í alla stjórnýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Formleg ákvörðun um að gerast Barnvænt sveitarfélag felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna og ungmenna sé verðmæt fyrir sveitarfélagið, ýtir undir virka þátttöku og eykur markvisst samráð við börn og ungmenni í þeim tilgangi að bæta, aðlaga og auka þjónustu við þessa hópa samfélagsins í takti við tíðarandann. Hafnarfjarðarbær leggur á það áherslu að börn og ungmenni hafi aðgang að fjölbreyttum íþróttum og frístundum og veitir forsjáraðilum barna á aldrinum 6 til 18 ára m.a. frístundastyrki til að auka og ýta undir virka þátttöku allra í íþrótta- og tómstundastarfi. Slík þátttaka er talin hafa mikilvægt forvarnargildi

Siðareglur Rio Tinto ná ekki bara til fyrirtækisins sjálfs og starfsfólks þess heldur einnig til ráðgjafa, verktaka og birgja. Undir það fellur því ÍBH sem telst vera þriðji aðili samkvæmt viðauka A við þennan samning sem er Business Integrity grein Rio Tinto og fylgir með á ensku.

### **Viðauki A**

#### **1 BUSINESS INTEGRITY**

1.1 [Third Party] represents and warrants that it is in compliance, and shall comply with, all applicable laws, statutes and regulations relating to money laundering, facilitation of tax evasion, and anti-bribery and corruption [ including but not limited to the UK Bribery Act 2010, U.S. Foreign Corrupt Practices Act (as amended), Division 70 of the Schedule to the Criminal Code Act (Cth) (Bribery of Foreign Public Officials) of Australia (as amended), [the Proceeds of Crime Act 2002, the Criminal Finances Act 2017] relevant to [the services], and that it maintains adequate policies and procedures to ensure compliance with such laws.

1.2 [Third Party] represents and warrants that it has read, understood and agrees to comply with Rio Tinto's The Way We Work, Supplier Code of Conduct and the Business Integrity Standard, each of which is [available online at <https://www.riotinto.com/sustainability/policies>] [AND/OR] [included at appendix XX], [as may be updated from time to time].

1.3 1.3 [Third Party] shall, from time to time and on reasonable request by [Rio Tinto entity], permit [Rio Tinto entity] or its authorised third party representatives to audit [Third Party's] compliance with this

Clause [1], or to fulfil any legally enforceable request by any regulatory or enforcement body. [Third Party] shall provide [Rio Tinto entity] with all reasonable assistance in relation to such audit or request.

Breytingar á greinum samningsins verða eftirfarandi:

2. gr.

Aðildarfélög ÍBH fá greitt rekstrarframlag sem miðast við fjölda iðkenda yngri en 18 ára. Hvert íþróttafélag fær styrk fyrir hvern iðkanda að upphæð sem miðast við hlutfall af heildar fjárveitingu samkvæmt 7. og 9. gr.

Miða skal við að grunnupphæðin nemi um 55% af heildarupphæðinni. Styrkhæf er sú íþróttagrein sem stendur fyrir æfingum og kennslu yngri en 18 ára, að lágmarki 2 föstum æfingatímum í viku 4 mánuði í senn, sumarnámskeið íþróttafélaganna eru undanskilin.

3. gr.

Greinin fellur niður.

4. gr.

Íþróttafélög geta í lok ársins sótt um hækkandi styrk vegna hærri menntunarstigs þjálfara samkvæmt eftirfarandi:

Ýmis námskeið tengd íþróttþjálfun, menntunarstig ÍSÍ og sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar. Íþróttakennaramenntun, þjálfaranám á háskólastigi og íþróttافرæðigráða ásamt sérmenntun í íþróttagrein. Ákveðin verður grunnupphæð sem hækkar við hvert menntunarstig.

Miða skal við að styrkur vegna menntunarstigs og gæðaviðurkenningarinnar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ samkvæmt 5. gr. verði um 45% af heildarupphæðinni. Menntunarstig og gæðaviðurkenningin Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ skal metið út frá gögnum sem íþróttafélögin leggja fram. Þessi styrkur er greiddur fyrir síðasta starfstímabil hvers íþróttafélags í árslok.

5. gr.

Aukastyrkur er veittur til íþróttafélags og / eða deildar þess sem hefur fengið gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Á ári eru veittir að hámarki sex styrkir fyrir gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ að upphæð 450.000 kr. hver. Íþróttafélög og deildir þess þurfa að endurnýja gæðaviðurkenninguna á fjögurra ára fresti.

7. gr.

Framlag Rio Tinto vegna samningsins 2023 er 11.000.000 kr. og 2024 12.000.000 kr.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna samningsins 2023 er 11.000.000 kr. og 2024 12.000.000 kr.

Greiðslur eru í tvennu lagi. 2023 6.050.000 kr. / 2024 6.600.000 kr. skulu greiddar í maí og 2023 4.950.000 kr. / 2024 5.400.000 kr. í desember.

Samningsaðilar geta tekið upphæð samningsins til endurskoðunar í september ár hvert fyrir komandi ár, þó ekki til lækkunar, ef aðstæður leyfa.

Hafnarfirði, 5. 06. 2023

**F. h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar** \_\_\_\_\_

**F. h. Hafnarfjarðarbæjar** \_\_\_\_\_

**F. h. Rio Tinto á Íslandi hf.** \_\_\_\_\_



**Rio Tinto**



Vottar að rétttri dagsetningu,  
fjárhæð og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_